

Nr. 19/1887.

Jón Jónsson, Jón Árnason
og Jakobína Jónsdóttir
gegn
Sigurpáli Árnasyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjerði höfðað út af ágreiningi um landamerki milli jarðanna Skóga og Skarða í Reykja- hverfi í Þingeyjarsýslu. Bóndinn í Skógum, Sigurpáll Árnason, var sóknaraðili, en eigendur Skarða, áfrýendurnir, voru varnaraðilar. Í hjerði hefur eigi verið gefin út rjettarstefna, og eigi hefur heldur verið gefið út sáttafyrirkall, með því að málsaðilar, þeir er á annað borð mættu, gjörðu það óstefndir, bæði fyrir sættanefndinni og í landamerkjadómnum. Af merkjadómsgjörðunum má sjá það, að eigendur Skarða eru þrír, þeir hinir sömu, er hafa áfrýjað máli þessu; við sátta-umleitun hafa þó að eins mætt 2 af eigendunum, án þess sjöð verði að þeir hafi haft umboð til að mæta fyrir hinn þriðja eigandann, Jakobínu Jónsdóttur, enda er engin sönnun fyrir því, að henni hafi verið gjört aðvart um sáttafundinn, því síður að hún hafi verið löglega stefnd. — Fyrir því hefur málið eigi verið lagt löglega til sátta, þannig að lögmaður fullnaðardómur um landamerki Skarða og Skóga geti gengið í því, og ber því að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og vísa málinu frá landamerkjadómnum. Þá er og rjett, að hinn stefndi greiði áfrýendunum 30 krónur sem málskostnað fyrir báðum rjettum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði merkjadómur á að vera ómerkur,

og vísast málinu frá undirrjettinum. Hinn stefndi, Sigurpáll Árnason, greiði áfrýndunum, eigendum Skarða, 30 krónur í málskostnað, er lúkest innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 24/1887.

Bjarni Bjarnason

gegn

Birni Benidiktssyni Blöndal.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað í hjeraði af Birni bónda Benidiktssyni Blöndal gegn Bjarna bónda Bjarnasyni á Umsvölum, til þess að fá hann dæmdan til að greiða sjer andvirði kvígu, 60 krónur, er Bjarni hefði af honum keypt. Með dómi aukarjettar Húnavatnssýslu, upp kveðnum 18. jan. þ. á. af sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu Jóhannesi Ólafssyni sem setudómara, var áfrýjandinn, Bjarni Bjarnason, dæmdur til þess, að greiða hinum stefnda, Birni B. Blöndal, andvirði um-getinnar kvígu, 60 krónur, 5% vexti af þessari upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, og 4 kr. fyrir hirðingu á kvígunni og hagatoll, og loksins 200 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefur Bjarni Bjarnason áfrýjað til yfir-dómsins með stefnu, dags. 1. apríl þ. á., og krafizt þess fyrst og fremst, að dómurinn og öll meðferð málsins í hjeraði verði dæmt ómerkt og málinu vísað frá hjeradsrjettinum, en til vara hefur hann krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum hins stefnda; svo hefur hann og krafizt, að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins bæði fyrir undir- og